

- Tvísmella í línu viðkomandi nemanda undir „Sjón“ í bekkjarskrá (*mynd 1*).
- Í glugganum „Sjón“ er smellt á „Nýtt sjónpróf“ (*mynd 2*).
- Val er á milli þess að skrá sem almennt brot eða tugabrot.
- Ef notað er almennt brot er það slegið inn beint og þá reiknar Ískrá út tugabrotið.
- Ef tugabrot er notað þarf að færa bendilinn fyrir framan kommuna og slá síðan inn.
- Þegar tölur hafa verið slegnar inn þarf að merkja við **E**, **E+**, **A** eða **A+** eftir því sem við á.
- **E** merkir Eðlilegt og **A** merkir Athugasemd. Plúsinn(+) á við ef nemandi er með gleraugu.
- Sjónpróf er E (E+) ef nemandi nær að sjá næstneðstu línuna (0,8) eða neðstu línuna (1,0).
- Ef vísa þarf nemanda til augnlæknis þarf að haka fyrir framan „Vísað til“ og skrá um það samskipti (sjá kaflann um „Frávik“).

E = Eðlilegt sjónpróf

E+ = Eðlilegt sjónpróf með gleraugum/linsum

A = Athugasemd

A+ = Athugasemd á sjónprófi með gleraugum/linsum

#	Nafn	Athugasemdir	Komur	Líkamsmat	L...	Ónæmi	Lífsstílsmat	Hæð/þyngd	LPB	Sjón	Heyrn	Lits...	Lyf	Ókl.
1	Bráhlídur Sóleyjardóttir		108	0.0	E	E	E	X	0
2	Kjörísa Pálsdóttir	0	0	..	X	0.0	AS	ASK	E		0
3	Marglitta Sæsdóttir		1	24.02.2011	23.1					1
4	Stuttjón Hildarson	0	0	0.0					0

Mynd 1: Til að skrá sjónskerpupróf á Stuttjón er tvísmellt í línuna hans undir „Sjón“ í bekkjarskrá.

Sjón

Nemandi
Stuttjón Hildarson

Hægra auga 6/6
H 1,00

Vinstra auga 6/75
V 0,80

Búa til
Nýtt sjónpróf
Samskipti

E E+ A A+ Dags 10.03.2017

Vísað til (S) Gögn komin (K)

Yfirlit Loka glugga Hætta við

Mynd 2: Smellt á „Nýtt sjónpróf“. Tölurnar skráðar inn annað hvort sem almennt brot eða tugabrot. Niðurstöður á sjónskerpuprófi Stuttjóns eru innan eðlilegra marka og því merkt E og smellt á „Loka glugga“.

ATH. Ef um frávik er að ræða (merkt A eða A+) þarf að skrá um það samskipti með því að smella á „Samskipti“ í Sjónglugganum. Frekari leiðbeiningar um skráningu á frávikum.

Frávik ⇒ skrá samskipti